

## Fundargerð 110. fundar

110. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 25. febrúar 2015 kl. 15:00. Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Árni Davíðsson og Kristín Lóa Ólafsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundarefni:

### 1. Heiðmerkurlína

Kristín Lóa kynnti áform Orkuveitu Reykjavíkur um lagningu á háspennustreng í jörðu og niðurrif á Heiðmerkurlínu á 355 m kafla inni á brunnsvæðinu í Myllulæk. Fór í gegnum drög að starfsleyfisskilyrðum og að OR væri búið að sækja um starfsleyfi til HER og framkvæmdaleyfi til skipulagsins.

### 2. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar

Kynnt var orðalagsbreyting á 56. gr. í drögum að heilbrigðissamþykkt. Samþykkt var að senda á SSH, sem sendir samþykkt og önnur plögg er viðkoma heildarendurskoðun á vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, á sveitastjórnir. Sveitastjórnir senda síðan viðkomandi heilbrigðiseftirliti gögnin og heilbrigðissamþykktina til meðferðar samkvæmt ákvæðum 25 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 3. Önnur mál

- a. Endurtekning rannsóknar á styrk köfnunarefnissambanda í vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins. Á 107. fundi framkvæmdarstjórnar um vatnsvernd var samþykkt að leggja mat á það hvort tilefni sé til að endurtaka rannsókn á styrk köfnunarefnissambanda sambærilega þeirri rannsókn sem fram fór á árunum 2003 til 2004. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sér ekki ástæðu til að gera mælingar í Reykjavík eftir að hafa farið yfir 10 ára gögn úr heildarsýnatöku. Engar vísbendingar eru um slíka mengun eða hækkun á köfnunarefnissamböndum í árlegum heildarsýnatökum á neysluvatninu.

Fundi var slitið kl. 16:00